

Fjölbreytileikavikan 2025

4.-10. apríl 2025



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar fjölbreytileikanum!
Á hverju ári leggjum við áherslu á mismunandi þætti fjölbreytileika
s.s. hinseginleikinn, menningarlega
fjölbreytni, fjölbreytni mannlífsins o.s.frv.
Í ár leggjum við áherslu á tengsl fjölbreytileika og farsældar.
Fjölbreytt samfélag þar sem allir fá notið sín er sterkt samfélag.
Tökum höndum saman og fögnuðum fjölbreytileikanum!

Dagskrá -

Föstudagur 4. apríl

UNICEF veitir Sveitarfélaginu Hornafirði viðurkenningu sem Barnvænt Sveitarfélag. **Móttaka í Nýheimum kl. 12:30. - Allir velkomnir**

Mánudagur 7. apríl

Skólaping í Grunnskóla Hornafjarðar
Þingmenn mæta á svæðið.

Okkar Heimur með opna fræðslu fyrir almenning kl 17:00 Nýheimum

Þriðjudagur 8. apríl

Okkar Heimur með kynningu fyrir 7.-10. bekk í Grunnskóla Hornafjarðar.
Eftir hádegi verður Okkar heimur með fræðslu starfsfólks sveitarfélagsins
Allir starfsmenn hvattir til að mæta kl 15:00

Miðvikudagur 9. apríl

Farsældarútan verður á svæðinu og fundra með starfsfólki um innleiðingu farsældarlaganna.
Kl. 14:30 verður opin fræðsla fyrir almenning um farsæld.

Menningarmiðstöðin

Menningarmiðstöð Hornafjarðar fagnar fjölbreytileikanum með ljósmyndatöku á gestum bókasafnsins líkt og síðustu ár. Myndirnar munu prýða veggj Nýheima í framhaldinu. Komið endilega í myndatöku og sýnið hvað við erum falleg, fjölbreytt og FRÁBÆR

Okkar Heimur - stuðningsúrræði

Okkar Heimur er stuðningsúrræði fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda. Verkefnið er ætlað að efla fræðslu og umræðu um geðheilsu, bæði meðal fagfólks og almennings. Markmið fræðslunnar er að efla stuðning við börn sem búa við geðröskun á heimilum, auka skilning starfsfólks og samfélagsins í heild og opna umræðu um málefni sem snertir flestar fjölskyldur á einn eða annan hátt.

Með því að opna á samtal um geðheilbrigði og áhrif þess á börn og fjölskyldur er lagður grunnur að betri aðstæðum fyrir öll börn og þar með okkur öll.

Málum regnbogastíginn

Við stefnum að því að mála Regnbogastíginn okkar í fjölbreytileikavikunni. Söfnumst saman þar og höfum gaman, málum og grillum pylsur! Dagsetning valin þegar nær dregur og hægt að lesa í verðurspá.

Nánari dagskrá mun byrtast þegar að nær dregur. Ef þú vilt hugmynd að viðburði í fjölbreytileikavikunni hafðu þá samband við emilmoravek@hornafjordur.is

